
Fjarskipti hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar til 30. september 2016

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar við samandreginn árshlutareikning	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Fjarskipta hf. og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2016 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Í lok ágúst tilkynnti Fjarskipti hf. um einkaviðræður félagsins við 365 miðla hf. um möguleg kaup á því síðarnefnda að stórum hluta. Viðræður standa yfir en kaupin eru háð ýmsum forsendum og fyrirvörum. Á þriðja ársfjórðungi var unnið að frekari útbreiðslu á 4G þjónustusvæði Vodafone með uppbyggingu á Ströndum og Vestfjörðum og nær nú 4G þjónustusvæðið til ríflega 95% landsmanna, jafnframt hóf félagið for sölu á 1000 Mb/s tengingum yfir ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur. Undir lok fjórðungsins var lokið við flutninga félagsins úr Skútuvogi 2 í tímabundnar höfuðstöðvar að Ármúla 13a, en fyrirhugað er að flytja í nýjar höfuðstöðvar að Suðurlandsbraut 8, fyrri hluta árs 2017.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 10.205 millj. kr. (10.092 millj. kr. 1.1 til 30.9.2015). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 837 millj. kr. (1.038 millj. kr. 1.1 til 30.9.2015). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 15.261 millj. kr. (15.474 millj. kr. 31.12.2015). Eigið fé samstæðunnar þann 30. september 2016 nam 6.879 millj. kr. (9.079 millj. kr. 31.12.2015). Eiginfjárlutfallið 30. september 2016 var 45,1% (58,7% 31.12.2015). Þar af nam hlutfé 2.637 millj. kr. (3.270 millj. kr. 31.12.2015).

Á aðalfundi félagsins þann 17. mars 2016 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.

Þá var samþykkt að lækka hlutfé með greiðslu af eigin fé til hluthafa þess, að fjárhæð kr. 2.500 millj. kr. Lækkun nafnverðs nemur 545 millj. kr. og lækkun yfirverðs nemur 1.955 millj. kr. Framkvæmd lækkunarinnar miðaðist við 20. apríl 2016 og greiðsla til hluthafa fór fram 29. apríl 2016.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2016 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2016.

Stjórn og forstjóri Fjarskipta hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. október 2016

Í stjórn:

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður
Yngvi Halldórsson
Hildur Dungal
Hjörleifur Pálsson
Vilmundur Jósefsson

Forstjóri:

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2016	2015	2016	2015
	3F	3F	9M	9M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	3.443	3.433	10.205	10.092
Rekstrarhagnaður	577	701	1.305	1.550
Hagnaður fyrir tekjuskatt	487	626	1.043	1.294
Hagnaður tímabilsins	391	502	837	1.038
Hagnaður á hlut	1,50	1,50	3,20	3,10
Fjárfestingar	491	318	1.041	981
Handbært fé frá rekstri	928	981	2.157	2.377
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	927	1.026	2.346	2.521
EBITDA hlutfall	26,9%	29,9%	23,0%	25,0%
Frjálst fjárflæði (FCF)	540	702	1.382	1.684
Nettó vaxtaberandi skuldir	5.782	3.615	5.782	3.615
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA *	1,9	1,1	1,9	1,1

* EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. september 2016

	2016 3F	2015 3F	2016 9M	2015 9M
Seldar vörur og þjónusta	3.443	3.433	10.205	10.092
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.786)	(1.689)	(5.402)	(5.235)
Framlegð	1.657	1.744	4.803	4.857
Rekstrarkostnaður	(1.080)	(1.043)	(3.498)	(3.307)
Rekstrarhagnaður	577	701	1.305	1.550
Fjármunatekjur	31	8	65	23
Fjármagnsgjöld	(121)	(83)	(327)	(279)
Hrein fjármagnsgjöld	(90)	(75)	(262)	(256)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	487	626	1.043	1.294
Tekjuskattur	(96)	(124)	(206)	(256)
Hagnaður tímabilsins	391	502	837	1.038
Hagnaður á hlut	1,50	1,50	3,20	3,10
Þynntur hagnaður á hlut	1,50	1,50	3,20	3,10

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2016

	2016 3F	2015 3F	2016 9M	2015 9M
Hagnaður tímabilsins	391	502	837	1.038
Liðir sem gætu síðar verið færðir um rekstrarreikning				
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags	(47)	(26)	(71)	(70)
Heildarafkoma tímabilsins	344	476	766	968

Efnahagsreikningur

30. september 2016

	30.9.2016	31.12.2015
Fastafjármunir		
Rekstrarfjármunir	4.410	4.444
Óefnislegar eignir	7.204	7.229
Eignahlutur í hlutdeildar- og öðrum félögum	10	12
Skatteign	6	199
Fastafjármunir samtals	11.630	11.884
Veltufjármunir		
Birgðir	202	347
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	3.057	2.823
Handbært fé	372	420
Veltufjármunir samtals	3.631	3.590
Eignir samtals	15.261	15.474
Eigið fé		
Hlutfé	2.637	3.270
Yfirverðsreikningur hlutfjár	681	2.651
Þýðingarmunur	78	149
Áhættuvarnir	(66)	0
Óráðstafað eigið fé	3.549	3.009
Eigið fé	6.879	9.079
Langtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	7,8,9 5.721	4.047
Tekjuskattsskuldbinding	36	40
Langtímaskuldir samtals	5.757	4.087
Skammtímaskuldir		
Vaxtaberandi skuldir	7,9 433	296
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.998	1.907
Fyrirframinnheimtar tekjur	159	80
Tekjuskattur til greiðslu	35	25
Skammtímaskuldir samtals	2.625	2.308
Skuldir samtals	8.382	6.395
Eigið fé og skuldir samtals	15.261	15.474

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2016

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Þýðingar- munur	Áhættu- varnir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.9. 2015						
Eigið fé 1.1.2015	3.362	2.973	227	-	1.941	8.503
Eigin hlutir	(50)	(161)	-	-	-	(211)
Arðgreiðsla	-	-	-	-	(219)	(219)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(70)	-	1.038	968
Eigið fé 30.9.2015	3.312	2.812	157	0	2.760	9.041
1.1. til 30.9. 2016						
Eigið fé 1.1.2016	3.270	2.651	149	-	3.009	9.079
Eigin hlutir	(88)	(15)	-	-	(297)	(400)
Hlutfjárþækkun	(545)	(1.955)	-	-	-	(2.500)
Áhættuvarnir	-	-	-	(66)	-	(66)
Heildarafkoma tímabilsins	-	-	(71)	-	837	766
Eigið fé 30.9.2016	2.637	681	78	(66)	3.549	6.879

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. september 2016

	2016 3F	2015 3F	2016 9M	2015 9M
Hagnaður tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	391	502	837	1.038
Aðlögun vegna				
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	268	245	780	729
Afskriftir óefnislegra eigna	82	80	261	242
Hrein fjármagnsgjöld	90	75	262	256
Söluhagnaður eigna	0	(1)	0	(7)
Tekjuskattur, breyting	96	124	206	256
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	927	1.025	2.346	2.514
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum				
Birgðir, breyting	34	21	142	38
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(18)	(191)	(239)	(117)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	10	134	95	153
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	78	27	79	65
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	1.031	1.016	2.423	2.653
Innborgaðar vaxtatekjur	11	7	33	22
Greidd vaxtagjöld	(114)	(32)	(299)	(288)
Greiddur tekjuskattur	0	(10)	0	(10)
Handbært fé frá rekstri	928	981	2.157	2.377
Fjárfestingarhreyfingar				
Seldir rekstrarfjármunir	0	4	0	12
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(402)	(237)	(797)	(693)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(89)	(81)	(244)	(288)
Fjárfestingarhreyfingar	(491)	(314)	(1.041)	(969)
Fjármögnunarhreyfingar				
Endurkaup á eigin hlutum	(243)	(198)	(400)	(211)
Hlutfjárslækkun	0	0	(2.500)	0
Greiddur arður	0	0	0	(219)
Tekið nýtt langtímalán	0	0	1.931	4.500
Afborganir langtímalána	(131)	(74)	(441)	(5.181)
Skammtímalán, breyting	164	(100)	315	0
Áhættuvarnir	(66)	0	(66)	0
Fjármögnunarhreyfingar	(276)	(372)	(1.161)	(1.111)
Breyting á handbæru fé	161	295	(45)	297
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(2)	(9)	(3)	(22)
Handbært fé í byrjun tímabils	213	517	420	528
Handbært fé í lok tímabilsins	372	803	372	803

Skýringar

1. Félagið

Fjarskipti hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 13a, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2016 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, P/F Kall í Færeyjum og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2015. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikning Fjarskipta hf. á heimasíðu félagsins www.vodafone.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Þann 2. júní sl. voru samþykkt lög nr. 73/2016, er breyttu lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Breytingarnar tóku gildi við samþykkt laganna og komu til framkvæmda fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2016 eða síðar. Stjórnendur hafa lokið við að meta áhrif breytingana á reikningsskil félagsins en gera ráð fyrir að þau verði óveruleg.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 26. október 2016.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og foresendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

a. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir. Það er mat stjórnenda að bókfærð virði fjármálagerninga endurspegli gangvirði þeirra.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið:

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

Skýringar, frh.:

5. Meðferð vaxtaskiptasamnings

Afleiðusamningar eru gerðir til að stýra áhættu félagsins gagnvart vaxtaáhættu, þ.e. vaxtaskiptasamningur. Afleiður eru færðar á gangvirði. Almenna reglan er að óinnleystur hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning. Hins vegar þegar afleiða er skilgreind og virk sem áhættuvörn er afkoman færð eftir áhættuvarnarsambandinu sem afleiðan tilheyrir. Félagið hefur skilgreint vaxtaskiptasamningin sem áhættuvörn vegna undirliggjandi skulda. Afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal langtímaeigna eða langtímaskulda ef meira en 12 mánuðir eru til lokagjalddaga samningsins og ekki er gert ráð fyrir að hann verði gerður upp innan 12 mánaða. Aðrir afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal veltufjármuna eða skammtímaskulda eftir því sem við á.

a. Áhættuvarnareikningsskil

Félagið skilgreindi í fyrsta skipti í 3F afleiðusamning sem áhættuvarnargerning vegna sjóðstreymisvarnar. Á upphafsdegi áhættuvarnarsambandsins, skjalaði félagið sambandið á milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins ásamt markmiðum áhættuvarnarstýringar og stefnu félagsins varðandi áhættuvarnir. Til viðbótar við þetta skjalaði félagið skilvirkni áhættuvarnarsambandsins.

b. Sjóðstreymisvarnir

Virki hluti gangvirðisbreytinga afleiðna, sem eru skilgreindar og falla undir skilyrðin um að vera sjóðstreymisvörn, eru færðar í yfirlit um aðra heildarafkomu. Hagnaðurinn eða tapið sem tengist óskilvirka hlutanum er fært í rekstrarreikning. Þegar áhættuvarinn liður er færður í rekstrarreikning er áður færð uppsöfnuð fjárhæð á meðal eigin fjár endurflokkuð í rekstrarreikning. Hætt er að beita áhættuvarnareikningsskilum þegar áhættuvörn fellur úr gildi, er seld, sagt upp, innleyst, eða þegar áhættuvarnarsambandið fellur ekki lengur undir skilyrði um áhættuvarnareikningsskil. . Allur áður færður hagnaður eða tap á eigin fé er fært í rekstrarreikning þegar áætluð framtíðarviðskipti eiga sér stað eða útlit er fyrir að þau muni ekki eiga sér stað.

Skýringar, frh.:

6. Starfsþáttayfirlit Rekstrarstarfsþættir

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnæignum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Sjónvarp samanstendur af tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftaveitu Vodafone (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu eintaka sjónvarpsviðburða.

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.9.2016								
Tekjur frá þriðja aðila	3.490	2.698	960	1.456	1.027	574	-	10.205
Innri tekjur	1	(1)	26	-	-	48	(74)	0
Tekjur samtals	3.491	2.697	986	1.456	1.027	622	(74)	10.205
<hr/>								
Óskipt rekstrargjöld								(7.859)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								2.346
Afskriftir								(1.041)
Hrein fjármagnsgjöld								(262)
Tekjuskattur								(206)
Hagnaður tímabilsins								837
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(71)
Heildarafkoma tímabilsins								766
<hr/>								
Óskiptar eignir 30.9.2016								15.261
Óskiptar skuldir 30.9.2016								8.382
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2016 til 30.9.2016								1.041

Skýringar, frh.:

6. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Rekstrarstarfsþættir	Farsími	Internet	Fastlína	Sjónvarp	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar-færslur	Samtals
1.1. til 30.9.2015								
Tekjur frá þriðja aðila	3.622	2.564	1.086	1.295	1.082	443	-	10.092
Innri tekjur	1	3	32	-	3	37	(76)	0
Tekjur samtals	3.623	2.567	1.118	1.295	1.085	480	(76)	10.092

Óskipt rekstrargjöld								(7.571)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)								2.521
Afskriftir								(971)
Hrein fjármagnsgjöld								(256)
Tekjuskattur								(256)
Hagnaður tímabilsins								1.038
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								(70)
Heildarafkoma tímabilsins								968

Óskiptar eignir 31.12.2015 **15.474**

Óskiptar skuldir 31.12.2015 **6.395**

Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2015 til 30.9.2015 **981**

Landsvæðaskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

1.1. til 30.9.2016	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	9.069	1.136	10.205
EBITDA á tímabilinu	2.173	173	2.346
Eignir starfsþátta í lok tímabilsins	14.021	1.240	15.261
Fjárfestingar tímabilsins	986	55	1.041

1.1. til 30.9.2015

Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	8.787	1.305	10.092
EBITDA á tímabilinu	2.260	261	2.521
Eignir starfsþátta 31.12.2015	14.268	1.206	15.474
Fjárfestingar tímabilsins	894	87	981

Skýringar, frh.:

7. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:	30.9.2016	31.12.2015
Skuldir við lánastofnanir	6.154	4.343
Næsta árs afborganir	(433)	(296)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	5.721	4.047
Vaxtaberandi skammtímaskuldir greinast þannig:	30.09.2016	31.12.2015
Næsta árs afborganir langtímaskulda	433	296
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	433	296
Vaxtaberandi skuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	6.154	4.343

8. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig :	30.9.2016		31.12.2015	
	Vaxtakjör	Eftirstöðvar	Vaxtakjör	Eftirstöðvar
Skuldir í DKK	2,95%	244	-	-
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	6,57%	5.910	7,3%	4.343
		6.154		4.343

9. Afborganir af langtímalánum

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:	30.09.2016	31.12.2015
Til greiðslu innan árs	433	296
Til greiðslu eftir ár en innan tveggja ára	753	296
Til greiðslu eftir tvö ár en innan þriggja ára	440	300
Til greiðslu eftir þrjú ár en innan fjögurra ára	441	300
Til greiðslu eftir fjögur ár en innan fimm ára	442	300
Afborganir síðar	3.645	2.851
Samtals	6.154	4.343

Í apríl gekk félagið frá fjármögnun vegna hlutfjárslækkunar til eigenda félagsins. Samið var við Landsbankann um langtímalán til 6,25 ára að fjárhæð 1.500 millj. kr., stækkun á rekstrarlánalínu úr 500 millj. kr. í 1.000 millj. kr., og við Eik banka P/F um lán til 7 ára að fjárhæð 15 millj. dkk. Þann 30. september var langtímaláni upphaflega að fjárhæð 4.500 millj. kr. skilmálabreytt, sem felst í að lokagjalddagi lánsins hefur verið færður til samræmis við lokagjalddaga vaxtaskiptasamningsins 29.mars 2021. Vaxtakjörum lánsins var breytt úr REIBOR 3M í REIBOR 1M.

10. Endurkaup eigin bréfa

Á stjórnarfundum 17. febrúar 2016 var samþykkt ný endurkaupaáætlun á eigin bréfum. Samkvæmt áætluninni máttu endurkaup félagsins nema að hámarki 100 millj. kr. að kaupvirði á tímabilinu 18. febrúar til 17. mars 2016. Endurkaupin samkvæmt framangreindri endurkaupaáætlun námu 21.687.000 kr. að nafnverði og kaupverði 100 millj.kr.

Stjórn samþykkti aðra endurkaupaáætlun í júní 2016, samkvæmt áætluninni máttu endurkaup félagsins nema að hámarki 300 millj. kr. að kaupvirði á tímabilinu 1. júní til 30. september 2016. Endurkaupin samkvæmt framangreindri endurkaupaáætlun námu 66.513.410 kr. að nafnverði og kaupverði 300 millj. kr.

Skýringar, frh.:

11. Önnur mál

Fjarskipti hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Innbrot í tölvukerfi félagsins

Ekki hafa verið höfðuð fleiri mál á hendur félaginu vegna innbrotspjófnaðar erlends tölvuhakkara á heimasíðu Fjarskipta hf. í nóvember 2013.

Félagið höfðuði hins vegar mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1/2014 um afmörkun gildissviðs fjarskiptalaga vegna vefsvæðis Vodafone. Héraðsdómur óskaði ráðgefandi álits EFTA dómstólsins var málið flutt fyrir þeim dómstól þann 18. október 2016. Aðalmeðferð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur hefur ekki verið ákveðin. Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun enn til rannsóknar efnispátt málsins.

Fjarskipti hf. gegn IP fjarskiptum ehf. (nú 365 miðlum hf.)

Félagið hefur höfðuð dómsmál gegn 365 miðlum hf. (áður IP fjarskipti ehf.) til greiðslu skuldar fyrir veitta þjónustu á tímabilinu maí 2012 til janúar 2013, að fjárhæð 44 millj. kr, auk dráttarvaxa. Áformað er að aðalmeðferð fari fram þann 17.mars 2017. Í tengslum við sama ágreining höfðuðu 365 miðlar hf. mál gegn félaginu til riftunar á nánar tilteknum fjarskiptasamningum og viðurkenningar á skaðabótakröfu vegna meintrar ólögðrar riftunar. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Fjarskipti hf. en 365 miðlar hf. hafa áfrýjað þeirri niðurstöðu til Hæstaréttar. Ekki liggur fyrir hvenær aðalmeðferð þess máls fer fram.

Fjarskipti hf. gegn Símanum hf.

Félagið hefur stefnt Símanum hf. vegna ólögðs verðþrýstings og nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega 900 milljónum króna. Síminn hf. gagnstefndi félaginu og nemur stefnufjárhæð Símans hf. um 2.500. millj. kr. Dómkvaddir matsmenn hafa skilað matsgerðum en aðalmeðferð málanna er áformuð 9. febrúar 2017.

Að síðustu má geta þess að félagið á í margháttar ágreiningi við Símann hf. fyrir stjórnvöldum og dómstólum vegna sjónvarpsmála. Má þar nefna ágreining um skráningu og notkun á vörumerkinu Tímaflakk og lögbann sem Síminn fékk lagt á við því að félagið taki upp og miðli sjónvarpsefni Skjás eins með línulegum og ólínulegum hætti. Á hinn bóginn hefur Póst- og fjarskiptastofnun tekið stjórnvaldsákvörðun þess efnis að bann fjölmiðlalaga við því að fjölmiðlaveitur beini viðskiptum að eigin fjarskiptanetum taki jafn til línulegs og ólínulegs efnis. Er sú ákvörðun nú fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála til úrlausnar.

Á þessum tímavörð getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöður í mál ásamt því að mál geta tekið breytingum og þróast í ólíkar áttir. Vegna þessa hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins.